



Nefndasvið Alþingis
B.t. Efnahags og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 16. desember 2020

Umsögn um mál 342 – Um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla)

Landsamtökin Geðhjálp fagna framkomnu frumvarpi um breytingu á ýmsum lögum og varða skattalega hvata fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla. Framlög einstaklinga og lögaðila til starfsemi, sem telst til almannaheilla, eru í mörgum tilfellum grunnurinn að starfsemi þeirra. Það að gjafir og framlög til almannaheillasamtaka eða félaga allt að 350.000 kr. verði frádráttarbær frá skatti getur verið hvati fyrir einstaklinga og lögaðila til þess að styrkja þessi samtök/félög enn frekar.


Landsamtökin Geðhjálp gera hins vegar athugasemd við 10.000 kr. lágmark og spyrja hvaða rök liggja þar að baki? Í Danmörku er hámarkið svipað og lagt er til í þessu frumvarpi en ekkert lágmark. Það er þó framför frá fyrri drögum frumvarpsins að allt almanaksárið er undir núna í stað einstakra greiðslna. Með þessu geta mánaðarlegir styrktaraðilar, sem greiða samtökum/félögum undir 10.000 kr. í einu, safnað saman greiðslum ársins. Þetta er til bóta en hefði að mati Geðhjálpar ekki átt að vera lágmark því það undanskilur t.d. árgjöld og aðrar minni upphæðir sem er miður.

Varðandi virðisaukaskattinn þá telur Geðhjálp að ganga hefði þurft lengra. Við fögnum því auðvitað að t.d. íþróttafélög geti ráðist í mannvirkjaframkvæmdir og fengið allt að 60% virðisaukaskatts endurgreiddan. Það hefði hins vegar skipt meira máli fyrir rekstur flestra almannaheillasamtaka/félaga, sem greiða virðisaukaskatt af ráðgjöf, framleiðslu efnis, auglýsingar/markaðsmál o.fl., að geta sótt um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna þessa. Hér er um óhagnaðardrifin félög/samtök að ræða sem innheimta engan útskatt en greiða innskatt og munar verulega um það t.d. þegar farið er í stórar kostnaðarsamar herferðir á landsvísu.

Framlög einstaklinga og lögaðila til almannaheillasamtaka/félaga er eins og áður sagði grunnurinn að starfsemi margra þeirra. Hins vegar verður ekki hjá því litið að framlög opinberra aðila skiptir verulegu máli líka. Geðhjálp hefur ítrekað bent á þann galla sem er á núverandi fyrirkomulagi sem gerir samtökunum og öðrum almannaheillafélögum að sækja um á hverju ári til ráðuneyta um styrk fyrir næsta rekstrarár. Umsóknarfrestur rennur vanalega út seint að hausti og svör berast ekki fyrr en þegar mánuður er liðinn af nýju rekstrarári. Þetta gerir áætlanagerð nær ómögulega og getur sett starfsmannahald í vanda – fyrir utan tímafrekt umsóknarferli og annað í kringum það. Geðhjálp hefur því lagt til að gerðir verði samningar til þriggja og/eða fimm ára við helstu samtök og félög sem starfa til almannaheilla og eru nauðsynleg samfélagi okkar.

Það að nú sé loksins kominn hvati til þess að einstaklingar og lögaðilar styrki almannaheillasamtök/félög má hins vegar ekki verða til þess að ríkið dragi um of úr framlögum til þessara samtaka/félaga. Mörg þeirra sinna mikilvægu eftirlitshlutverki sem ríkisvaldið bæði lætur hjá líða að sinna eða hreinlega getur ekki sinnt. Það er því mikilvægt að þau séu fjárhagslega sjálfstæð og rekstur þeirra tryggður. Frumvarpið er stórt skref í rétta átt en þá aðeins ef ekki er farið í niðurskurð í framlögum á móti.

Virðingarfyllt fyrir hönd stjórnar Geðhjálp



Grímur Atlason, framkvæmdastjóri